

Minnisblað vegna spurninga Matthíasar Lýðssonar varðandi ýmist verkefni, undir liðnum „vinnuskýrsla sveitarstjóra“ á fundi 1380.

Matthías Sævar Lýðsson óskar eftir að bera fram eftirfarandi spurningar:

a. Var tekið tillit til allra athugasemda við endanlega gerð fjallskilaseðils? Var hlutaðeigandi svarað um það sem ekki var tekið tillit til?

= Úrvinnsla og framsetning á Fjallskilaseðili Strandabyggðar hefur fylgt sama formi í áraraðir og var svo einnig nú. Mjög margar ábendingar bárust og voru margar þeirra ekki tengdar beint uppbyggingu Fjallskilaseðils. Því var ekki tekið tillit til allra ábeninga í seðlinum, heldur einungis þeirra sem styðja við form og framsetningu seðilsins. Ætla má að lang flestum hafi verið svarað af starfsmanni skrifstofu, en sumar ábendingana verða teknar með inn á samráðsfund með bændum í haust.

b. Hvaða svör bárust vegna slæms farsímasambands í Strandabyggð?

= Oddviti hefur ekki haft samband við Fjarskiptastofnun af eftirtöldum ástæðum: Oddviti leitaði strax álits hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, þar sem fram kom að engu fjármagni hafi verið beint í málaflokkinn sl ár. Þetta mál verður rætt í tengslum við tillögu Strandabyggðar að ályktun þingsins, á Fjórðungssþingi 16 og 17 september n.k. Oddviti telur rétt að taka þessa umræðu með í erindi til Fjarskiptastofnunar, enda muni það styrkja okkar málstað

c. Hvað er að fréttu af Sameiningamálum?

= Lítið annað en að oddvitar og sveitarstjórar reyna að finna sameiginlega fundardaga. Það gengur illa. Reynt verður að hittast stuttlega á Fjórðungssþingi og ákveða daga.

d. Hvað er að fréttu af Framtíðarsýn Strandabyggðar ætlar oddviti að semja hana einn?

= Að sjálfsögðu semur oddviti ekki slíka stefnu einn. Slík stefna þarf að vinnast í samstarfi beggja lista, af heilindum og undir formerkjum trúnaðar og samvinnu. Það er ljóst að þessa vinnu hefði þurft að vinna fyrir á kjörtímabilinu.

e. Heimsókn HVB verkfræðistofu vegna Brandskjóla.

i. Hvernig var staðið að vali á þessarrar verkfræðistofu?

= Byggingarfulltrúi hefur þegar gert grein fyrir þessu ferli.

ii. Hvaða verkfræðistofur fengu verðfyrirspurn?

= Vísu á Byggingarfulltrúa

iii. Hvað var tilboðið hjá þeim hátt? Hvað er búið að greiða fyrir þessa vinnu?

= Ekki var langt fram formlegt tilboð. Búið er að greiða um eina milljón og staðfestir eru amk 12 tímar í vinnu eftir það. Ætla má að áfallinn kostnaður sé um 1,5-1,8 milljónir.

iv. Hvað á verkfræðistofan að gera þ.e.a.s. var gerður samningur? Á að leggja hann fyrir sveitarstjórn í samræmi við samþykktirnar? Hvenær á þá að gera það?

= Það verður gerður verksamningur. Hann er í vinnslu. Hann verður lagður fyrir sveitarstjórn eins og aðrir samningar.

v. Var farið með þá á Vitabrutina til að kynna þeim aðstæður þar?

= Nei. Það liggur fyrir að Vitabrut mun ekki verða nýtt fyrir jarðvegs- og þungaflutninga.

f. Getum við í sveitarstjórn fengið minnisblað um símafundinn vegna skoðunar á Byggðasögu Stranda?

= Já. Það er í vinnslu.

g. Hvenær getum við átt von á að ný heimasíða komist í gagnid? Hver er áfallinn kostnaður við heimasíðuna núna? Er til samningur um þá vinnu? Var hann lagður fyrir sveitarstjórn? Í fundargerðum sveitarstjórnar var síðast spurt og fjallað um heimasíðuna í des 2023.

= Hér hefði verið einfaldast fyrir spyrjendur að kalla eftir svörum frá þeim starfsmanni sem er með heimasíðugerðina á sínum herðum. Í stuttu máli þá er sú vinna mjög langt komin og nær allur texti hefur verið yfirfærður. Unnið er að lagfæringum og að „fínþússa“ útlit. Rétt væri að halda kynningu á stöðu verkefnisins fyrir sveitarstjórn og þar yrði öðrum spurningum svarað.

h. Við lauslega yfirferð á fundargerðum sveitarstjórnar Strandabyggðar kemur í ljós að á fleiri en einum stað hefur láðst að setja tengil við framlögð gögn.

= Við erum, eins og spyrjendum er vel kunnugt, með gamalt kerfi varðandi innsetningu fundargagna. Svona gerist því miður stundum í því kerfi. Ný heimasíða mun gerbreyta öllu þessu vinnuumhverfi og aðgengi að upplýsingum.

i. Hvað er að fréttu af framgangi mála sem kynnt voru í tillögum Strandanefndarinnar og á hvaða hátt hefur sveitarstjóri beitt sér í því máli,

= Sveitarstjórn hefur verið í sambandi við forsætisráðuneytið og innviðaráðuneytið en ekki fengið nein skýr svör um afdrif þessara tillagna. Einnig hefur sveitarstjóri óskað eftir fundi með innviðaráðherra og sveitarstjórn og er sá fundur nú 18. september n.k. Þar mun þetta vonandi skýrast.

j. Hvað er að fréttu af Umferðarsamþykkt f. Strandabyggð sem samþykkt var 13. september að fela þér að gera?

= Sveitarstjóri fékk gögn varðandi fyrri samþykkt og verður að segjast að þessi gögn eru gömul og þörf á verulegri breytingu og endurgerð. Þetta er því enn í vinnslu en verður nú lagður meiri kraftur í að klára drög til kynningar fyrir sveitarstjórn.

k. Hvernig gengur að panta gangbrautarskilti?

= Skiltin voru pöntuð í byrjun júlí og er verið að ýta á eftir þessu.

Hólmavík 15.9.25

Þorgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjóri